

# RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1617  
komudagur 4.4.2002

BSt/jhb  
Bb. 355/02

Reykjavík, 3. apríl 2002.

Borist hefur frá allsherjarnefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 19,1991, um meðferð opinberra mála með síðari breytingum, 265. mál yfirstandandi þings, flutningsmaður Ögmundur Jónasson.

Í 1.gr. frv. eru lagðar til breytingar á 1.mgr. 5.gr. laganna þess efnis að þegar dómari telur sýnt að niðurstaða kunni að verulegu leyti að ráðast af mati á "sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi" komi "sönnunargildi framburðar vitna fyrir dómi" og við þær aðstæður "skuli" dómstjóri í stað "geti" dómstjóri ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu.

Gildandi lagaákvæði tekur bæði til sönnunargildis munnlegs framburðar ákærðs manns og vitna fyrir dómi. Mat á sönnunargildi framburða er ekki unnt að takmarka við framburð vitna og því er alfarið mælt gegn þessari breytingu. Ekki er heldur unnt að taka undir síðari breytinguna um að dómstjóri skuli ávallt við þær aðstæður ákveða að þrír héraðsdómarar skipi dóm. Um er að ræða undanþáguákvæði frá þeirri aðalreglu að einn dómari skipi dóm í hverju máli og því eðlilegt að dómari geti kvatt tvo meðdómsmenn til dómstarfa með sér, sbr. 2.mgr. 5.gr., eða dómstjóri "geti" ákveðið að þrír héraðsdómarar skipi dóm í málinu. Breytingin er a.m.k. allt of fortakslaus og raunar fráleit í öllum minni háttar málum.

Í 2.gr. frv. er lagt til að fella brott ákvæði 2.mgr. 150.gr. laganna, sem áskilur "leyfi Hæstaréttar" til áfrýjunar ef ákærða er í dómi hvorki ákveðin frelsissvipting né sekt eða eignaupptaka sem er hærri en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum, nú um kr. 330.000. Ákvæði þetta var lögfest með 10.gr. laga nr. 37,1994, og telja má að af því sé fengin nokkur reynsla. Ákvæðið kveður á um annars konar málsmeðferð fyrir réttinum þegar dómfelldi þarf að leita áfrýjunarleyfis. Um slíkar beiðnir fjallar Hæstiréttur þá á grundvelli fyrirbyggjandi dóms og að framkomnum skriflegum greinargerðum málsaðila á fundi allra dómenda réttarins. Enginn kemur að þeirri ákvörðun nema Hæstiréttur. Ef leyfi til áfrýjunar er samþykkt kemur til málsmeðferðar og málflutnings á dómþingi með venjulegum hætti. Ekki er heldur af hálfu ríkissaksóknara mælt með þessari lagabreytingu.

Hjá réttarfarsnefnd stendur yfir heildarendurskoðun laganna og er því eindregið mælt með því að þær breytingar sem í frv. þessu felast verði skoðar við þá endurskoðun.

  
e.u.

Til allsherjarnefndar Alþingis,  
Alþingi, 150 Reykjavík.